



Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Fjarðabyggðar Gildir frá 1.1.2023

1.gr. Gildissvið

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Fjarðabyggðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja í eigu sveitarfélagsins skal greiða vatnsgjald árlega.

2.gr. Vatnsgjald

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við flatarmálsstærð eignar (fermetragjald) samkvæmt fasteignamati. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,33% af fasteignamati þeirra matshluta sem tengdar eru hverri vatnsveitulögn (vatnsinntaki). Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,27% af fasteignamati matshlutar. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

3.gr. Fjárhæð vatnsgjalds

Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar skal greiða árlegt fastagjald á matseiningu að fjárhæð 5.500 kr. og 415 kr. á fermetra samkvæmt fasteignamati. Árlegt vatnsgjald af sumarhúsum/frístundahúsum skal þó að lágmarki vera 30.000 kr.

Greitt er fastagjald á íbúðarhúsnæði í dreifbýli, fyrir útihús er ekki greitt fastagjald á matseiningu en greitt hálf fermetragjald.

3.gr. Notkunargjald

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Fyrirtæki greiða notkunargjald auk vatnsgjalds, skv. lögum (7 gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004). Notkunargjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Fjarðabyggðar leggur til og er gjald fyrir mæli innifalið í fastagjaldi fyrir matseiningu. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma fyrir mælingu. Notkunargjald hjá Vatnsveitu Fjarðabyggðar er 47kr/m³. Sala á köldu vatni er undanþegin virðisaukaskatti.

4.gr. Fastagjald

Fyrirtæki í Fjarðabyggð borga fastagjald vegna mælinga á notkunargjaldi og er mælagjald háð stærð viðkomandi mælis sem hér segir.

Stærð	kr.dag	kr ári
DN25	46,1 kr	16.824 kr
DN30	55,0 kr	20.070 kr
DN40	62,9 kr	22.958 kr
DN50	81,0 kr	29.550 kr
DN65	121,1 kr	44.212 kr
DN80	211,6 kr	77.232 kr



DN100	249,2 kr	90.964 kr
DN150	259,0 kr	94.529 kr
DN200	270,5 kr	98.725 kr

5.gr. Stofngjald

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitu Fjarðabyggðar. Til að heimæð vatnsveitu fáist skal vera búið að tengja fasteign við fráveitu. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimæðar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimæða sem ekki eru í eigu vatnsveitunnar. Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimalagnir hafi verið lagt á frostfrúu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðamörk, að inntaksstað mannvirkis og lega og frágangur hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Stærð	Verð
32mm	300.660 kr
40mm	410.665 kr
50mm	548.412 kr
63mm	905.122 kr
75mm	1.230.884 kr
90mm	1.280.798 kr

Stærri heimæðar en 90mm eru gjaldfærðar í samræmi við raunkostnað þó aldrei lægri en kostnaður vegna 90mm heimæðar.

6.gr. Einingarverð og gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett fram með heimild í 10.gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast gildi 1. janúar 2023.

Fjarðabyggð 15. desember 2022

Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri

Samþykkt í mannvirkja- og veitunefnd 12. október 2022

Samþykkt í bæjarráði: 5. desember 2022

Samþykkt í bæjarstjórn: 15. desember 2022